

AKSTUR OG ÖRYGGI

erlendra ferðamanna 2016



AKSTUR OG ÖRYGGI

erlendra ferðamanna 2016



Við Seljalandsfoss 31. ágúst 2016.

**Greinargerð unnin með stuðningi
rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar**



Febrúar 2017

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Verkefnishópur auk höfundar:

Eiríkur Bjarnason, Friðleifur Ingi Brynjarsson,
G. Pétur Matthíasson, Katrín Halldórsdóttir og Sóley Jónasdóttir.

Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápu mynd: Kýr fara yfir hringveginn við bæinn Múlakot á Síðu, skammt austan Kirkjubæjarklausturs.

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	5
1.1	Kannanir	5
1.2	Úrvinnsla	5
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016	7
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	7
2.2	Ferðamáti og farartæki	10
3.0	Notkun erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2016 - og samanburður við fyrri ár	11
3.1	Notkun bílaleigubíla 2016	11
3.2	Fjöldi sem nýtti bílaleigubíla 2016, 2014 og 2009	12
3.3	Akstursvegalengdir	13
3.4	Fjöldi bílaleigubíla í umferðinni	16
3.5	Umferð erlendra ferðamanna á bílaleigubílum á nokkrum stöðum og svæðum árið 2016	16
3.6	Hlutfall erlendra bílstjóra um Hvalfjarðargöng 2016-2017	18
4.0	Akstur og öryggi ferðamanna á vegum 2016	19
4.1	Bakgrunnur svarenda	19
4.2	Tilgangur ferðar, föruneysi, ferðamáti og farartæki	19
4.3	Flugfélag til og frá Íslandi	20
4.4	Dvalarlengd	21
4.5	Komið áður til Íslands	22
4.6	Þættir sem höfðu mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð	23
4.7	Aflað upplýsinga um Ísland fyrir ferðina	25
4.8	Helstu bílaleigur sem skipt var við og álit á þjónustu þeirra	27
4.9	Fjöldi leigudaga	28
4.10	Notkun öryggisbelta	29
4.11	Akstur utan vega	30
4.12	Akstur á malarvegum	31
4.13	Bílstjóri eða farþegi	32
4.14	Reynsla ökumanna	33
4.15	Vitneskja um og notkun á www.safetravel.is	35
4.16	Vitneskja um og notkun á www.road.is	36
4.17	Vitneskja um og notkun á upplýsingasímanum (+354) 1777	37
4.18	Fylgst með veðurspám og hvar þá?	38
4.19	Mikilvægt að útrýma eða draga úr í vegagerð/umferð á Íslandi	39

4.20	Afþreying á Íslandi	40
4.21	Álit á vegakerfinu og umferðarmenningu á Íslandi miðað við væntingar	41
4.22	Notkun og álit á áningarstöðum við vegi	45
4.22.1	<i>Nýttu áningarstaði 1996-2016</i>	45
4.22.2	<i>Tíðni á notkun áningarstaða 2016 og 2015</i>	47
4.22.3	<i>Álit á staðsetningu áningarstaða</i>	47
	Viðauki	48
	<i>Könnunin Dear Visitors 2016; roads and security</i>	

Helstu niðurstöður

Notkun erlendra ferðamanna á bílaleigubílum

- Sé litið til þróunarinnar síðustu sjö árin má áætla út frá *Dear Visitors* könnun RRF að árið 2016 hafi um 960 þúsund ferðamenn nýtt sér bílaleigubíla á Íslandi (56% gestanna), samanborið við um 480 þúsund árið 2014 (48%) og 166 þúsund árið 2009 (33%). Samkvæmt þessu nýttu 5,8 sinnum fleiri ferðamenn sér bílaleigubíla á Íslandi árið 2016 en árið 2009 og tvöfalt fleiri árið 2016 en árið 2014.
- Yfir sumarmánuðina þrjá árið 2016 nýttu að jafnaði 64% sér bílaleigubíla, 60% ferðamanna á jaðarmánuðunum (mars, apríl, maí, september og október) og 40% ferðamanna yfir dimmustu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember).
- Áætlað er að 12 sinnum fleiri erlendir ferðmenn hafi nýtt sér bílaleigubíl yfir helstu vetrarmánuðina árið 2016 (janúar, febrúar, nóvember, desember) en árið 2009 eða um 166 þúsund manns á móti 13-14 þúsund. Kannanir RRF benda einnig til þess að um 8 sinnum fleiri ferðamenn á jaðartímunum árið 2016 (mars, apríl, maí, september og október) hafi nýtt sér bílaleigubíl en ferðamenn sömu mánuði 2009, eða nær 400 þúsund á móti um 50 þúsund. Hins vegar var fjölgunin *aðeins* 3,8 föld yfir helstu sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst), um 400 þúsund sumarið 2016 á móti 103 þúsund árið 2009.
- Um 59% þeirra sem leigðu bílaleigubíl árið 2016 gerðu það utan sumarmánaðanna þriggja. Það hlutfall var 44% árið 2014 og 38% árið 2009.
- Þau 56% erlendra gesta sem nýttu sér bílaleigubíla árið 2016 óku þeim að meðaltali um 1.700 km, eða um 230 km á dag þá að jafnaði 7,5 daga sem dvalið var á Íslandi. Meðalakstur var tæplega 1100 km yfir helstu vetrarmánuðina, um 1600 km á jaðar-mánuðunum og 2150 km yfir sumarmánuðina þrjá. Heildarakstur á hvern leigusamning var lengstur í júlí og ágúst, um 2.200 km, en stytur í desember, um 900 km.
- Af íbúum einstakra markaðssvæða nýttu ferðamenn frá Benelux löndunum sér helst bílaleigubíl í ferð sinni á Íslandi árið 2016 (78%) en síðan gestir frá Suður-Evrópu (73%) og gestir utan helstu markaðssvæða (69%). Þá komu ferðamenn frá Mið-Evrópu (59%), Norður-Ameríku (57%), Asíu (54%) og Norðurlöndunum (52%) en ferðamenn frá Bretlandseyjum ráku lestina (37%).
- Árið 2016 var áætlaður meðalakstur á bílaleigubílum á hverja útleigu lengstur meðal gesta frá Benelux löndunum (um 2.400 km) og síðan meðal gesta frá Suður-Evrópu (2.200 km), Mið-Evrópu (2.100 km), Asíu (1.900 km) og meðal ferðamanna utan helstu markaðssvæða (1.800 km). Hann var mun styttri meðal gesta frá Norður-Ameríku (1.400 km) og Bretlandi (1.200 km) en þó stytur meðal Norðurlandabúa (1.100 km).

- Áætlað er að erlendir ferðamenn hafi ekið bíleigubílum alls um 540 milljónir km á Íslandi árið 2016 (miðað við þrjá í bíl að jafnaði). Það samsvarar meðalakstri um 45 þúsund heimilisbíla á Íslandi miðað við 12 þúsund km akstur á ári. Árið 2016 voru nálægt 220 þúsund einkabílar á Íslandi eða um 0,67 bíll á hvern íbúa. Því má má áætla akstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árið 2016 um 20% af öllum akstri Íslendinga á einkabílum.
- Ef miðað er við 8 lítra meðaleyðslu bílanna á hverja 100 km og eldsneytisverð að jafnaði 200 kr á lítra má lauslega slá á að eldsneytisútgjöld erlendra ferðamanna vegna aksturs á bílaleigubílum á Íslandi árið 2016 hafi numið 8,6 milljörðum króna.
- Til samanburðar má nefna að áætlað er að árið 2014 hafi erlendir ferðamenn ekið bílaleigubílum á Íslandi um 270 milljónir km og um 90 milljónir km árið 2009. Samkvæmt því var álag bílaleigubíla á vegakerfið, þar sem erlendir ferðamenn voru við stýrið, nær sex sinnum meira árið 2016 en árið 2009 og tvöfalt meira árið 2016 en 2014.
- Áætlað er að heildarakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árið 2016 hefi verið lengstur í júlí og ágúst, rúmlega 100 milljónir km hvorn mánuð, eða um 3,5 milljónir km á dag. Sá daglegi akstur samsvarar um 2.500 hringjum umhverfis landið eftir Þjóðvegi 1, eða fimm ferðum fram og til baka til tunglsins. Hins vegar er heildaraksturinn áætlaður minnstur í janúar og febrúar, 9-10 milljónir km hvorn mánuð.
- Áætlað er að 53% af öllum akstri erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hafi átt sér stað yfir sumarmánuðina þrjá, 37% á jaðarmánuðunum en 10% yfir fjóra dimmustu vetrarmánuðina.
- Áætlað er að gestir frá Norður-Ameríku hafi ekið mest á bílaleigubílunum árið 2016 eða um 128 milljónir km, 24% af heildinni. Síðan komu ferðamenn frá Suður-Evrópu, utan helstu markaðssvæða og Mið-Evrópubúar með 79-87 milljónir km eða 15-16% hlutfall hver hópur. Þá komu ferðamenn frá Asíu og Bretlandi með 45-49 milljónir km og 8-9% hlutfall hvor hópur en ferðamenn frá Norðurlöndunum og BeNeLux löndunum óku styst eða um 33 milljónir km alls og um 2% hvor hópur.
- Áætlað er að bílaleigubílar í notkun erlendra ferðamanna á sama tíma árið 2016 hafi verið flestir í ágúst, um 16 þúsund, 14-15 þúsund í júlí, um 12 þúsund í júní og litlu færri í september. Hins vegar hafi fæstir bílar verið í útleigu samtímis í janúar og febrúar, 1,4-1,5 þúsund en síðan í mars og apríl, 2,6-2,8 þúsund og þá í nóvember og desember, 3,1-3,2 þúsund. Að jafnaði voru mun fleiri bílar í útleigu erlendra gesta í október 2016, um 7,2 þúsund, en í maí, 5,5 þúsund.
- Sem dæmi má nefna er áætlað að um 4.800 ferðmenn hafi að jafnaði komið á um 1.600 bílaleigubílum að Geysi hvern dag í júlí og ágúst 2016 en að jafnaði 1.200 manns á dag í janúar á um 400 bílum (þegar minnst var umleikis). Sambærilegar tölur fyrir Þingvöll eru áætlaðar um 1.300 bílar á dag í júlí og ágúst en um 320 bílar hvern dag janúarmánuðar og að Jökulslárlóni um 1.100 bílar í júlí og ágúst en 90 bílar á dag í janúar.

Akstur og öryggi ferðamanna á vegum - könnun fyrir Vegagerðina

- Af þeim þáttum sem gefnir voru merktu flestir við, eða 87%, að íslensk náttúra hefði haft mikil áhrif á val þeirra á Íslandi sem áfangastað, 53% nefndu landsbyggðina og 51% villta náttúru. Þá merktu 33% við hreint vatn/ loft, 32% við Reykjavík, 30% norðurjósinn og 24% við sögu/menningararf, 18% við íslenska hestinn, 16% hvalaskoðun, 14% menningu/listir, 10% við öryggið á Íslandi, 6% íslenska tónlist og 3% íslenskar kvikmyndir.
- Um 92% þátttakenda höfðu leitað sér upplýsinga um Ísland áður en þeir komu. Flestir öfluðu upplýsingar á *Google* (72%) en síðan í ferðahandbókum (49%) hjá fjölskyldu/ vinum (42%) eða á *Trip Advisor* (41%). Þá fengu allmargir upplýsingar um Ísland á *Wikipedia* (22%) eða á vefsíðunni *www.visiticeland.com* (19%) en færri úr greinum í blöðum/tímaritum (10%), í sjónvarpi/útvarpi (9%), íslenskum kvikmyndum (8%) eða Íslendingasögunum (4%). Rúmlega helmingur þeirra sem tilgátu hvaða ferðahandbók þeir notuðu nefndu *Lonely Planet*.
- Af þeim sem notuðu bílaleigubíl á Íslandi í könnuninni fyrir Vegagerðina 2016 (maí-desember) skiptu flestir við bílaleigurnar *Sixth* (14%), *AVIS* (13%), *Europcar* (13%) og *Hertz* (10%) en síðan við *Blue car* (5%) og *Enterprise* (5%), *Pro car* (4%) og *Trifty* (4%). Alls voru nefndar 50 bílaleigur. Meðaleinkunn þeirra á skalanum 1-10 (10 er best) var 8,4 fyrir ástand bíla, 7,8 fyrir persónulega þjónustu, 6,6 fyrir leiguverð og 7,6 í heildareinkunn.
- 97,1% þeirra sem notuðu bílaleigubíla kváðust alltaf hafa notað bílbelti á ferð sinni um Ísland, 1,7% sögðust hafa notað þau oftast, 0,7% stundum en 0,5% aldrei. Um 91% þeirra sem notuðu áætlunarbíla og 81% þeirra sem notuðu hópferðabíla sögðust alltaf hafa notað bílbelti í ferðinni.
- 5% þeirra sem leigðu bíl kváðust mikið hafa ekið utan vega (*off road*), 36% lítið en 69% ekkert.
- Af þeim sem nýttu sér bílaleigubíla óku 25% mikið á malarvegum í Íslandsferðinni, 64% lítið en 11% ekkert.
- Af þeim sem óku bílaleigubílum kváðu 83% sig vera reynda ökumenn og 15% fremur reynda. Aðeins 1,5% sögðust vera fremur óreyndir og 0,5% að þeir væru byrjendur.
- Um 55% bílstjóranna voru vanir akstri á malarvegum en 45% ekki.
- 24% þátttakenda í könnuninni vissu af heimasíðunni *www.safetravel.is* en 76% ekki. Um 11% nýttu sér hana (42% þeirra sem vissu af henni). Um 13% vissu því af síðunni án þess að nota hana.
- 14% vissu af ensku heimasíðu Vegagerðarinnar *www.road.is* en 86% ekki. Um 9% nýttu sér hana (65% af þeim sem vissu af henni) sem þýðir að um 5% vissu af síðunni án þess að nota hana.

- 15% vissu um upplýsingasíma Vegagerðarinnar (+354) 1777, um færð og veður, en 85% ekki. Um 2% notuðu upplýsingasímann (13% þeirra sem vissu af honum). Um 13% vissu því af númerinu án þess að nota það.
- Um 82% þátttakenda í könnuninni höfðu fylgst með veðurspám eð 18% ekki. Langflestir, eða 74%, höfðu náð í veðurspár á netinu en 10% á gististað, 7% höfðu heyrt þær í sjónvarpi/útvarpi, 5% fengið þær á upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og 4% hjá öðrum ferðamönnum.
- Flestir þeirra sem gáfu upp hvar á netinu þeir hefðu nálgast veðurspá fyrir Ísland, eða 20%, nefndu *google.com* (gúgluðu veðrið á Íslandi), 19% nefndu að þeir hefðu notað *veðuröpp* fyrir snjallsíma/i-pad, 17% notuðu *vedur.is*, 12% *weather.com*, 7% *accuweather.com* og 4% notuðu *bbc.com/weather*.
- Hvað varðar afþreyingu á Íslandi sem spurt var um stunduðu flestir það að taka ljósmyndir, eða 75% aðspurðra. Þá kváðust 58% hafa skoðað kirkjur, 57% heimsótt sögustaði jafn margir í Bláa lónið. Þá höfðu 47% skoðað söfn/sýningar og 46% nýtt sér þjónustu upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn. Um 36% höfðu farið í sund, 29% komið í gallerí/ handverksmiðstöð, 25% farið í hvalaskoðun og jafn margir eitthvað stundað fuglaskoðun, 22% stundað einhvers konar jökлагöngu og 21% farið í langa gönguferð. Þá höfðu 14% skoðað seli, 12% farið í hestaferð, 5% í skipulagða jeppaferð og 2% farið í lax-/silungsveiði í Íslandsferðinni.
- Í könnuninni 2016 var spurt um 10 þætti varðandi Íslenska vegakerfið og umferðarmenningu á Íslandi, hvort þeir væru betri, eins eða verri en fólk hafið vænst. Á bilinu 50-68% töldu ástand þáttanna eins og þeir þjuggust við. Mun fleiri töldu ástandið betra en þeir þjuggust við (18-41%) heldur en verra (6-16%).
- 71% erlendra ferðamanna kváðust hafa nýtt sér áningarstaði við þjóðvegina á ferðum um Ísland árið 2016 (maí-desember), 63% sumarið 2016, 61% sumarið 2003 og 66% sumarið 1996. Það má lauslega áætla að allt að 1,2 milljónir ferðamanna á Íslandi árið 2016 hafi nýtt áningarstaðina eitthvað.
- Þegar tíðni notkunar á áningarstöðum er flokkuð árin 2016 og 2015 kemur í ljós ágætt samræmi á milli ára. Um 30% bæði árin nefndu að þeir hefðu nýtt áningarstaðina í 1-3 skipti, 46-48% í 4-10 skipti, 15-16% í 11-20 skipti og 7-8% í oftari en 20 sinnum.
- Langflestir ferðamanna árin 2016 og 2015 vildu hafa áningarstaðina á góðum útsýnisstað (78%) en síðan alveg við veginna (31-41%) eða á skjólgóðum stað (26-27%). Nokkru færri vildu hafa áningarstaðina allt að 100 m frá vegi (18-24%), nærri annarri þjónustu (21-24%), í villtri náttúru (21%) eða á kyrrlátum stað (19%).

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir

Kafla 2.0 í þessari samantekt byggir að mestu á *Dear Visitors* könnuninni sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) hefur framkvæmt meðal erlendra brottfarargesta á fríhafnar-svæðinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 og til þessa dags. Könnunin er í boði á sex tungumálum: ensku, norsku, þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku. Árlega hafa fengist á bilinu 2.700 til 4.000 svör við könnuninni og hefur svörun verið 72-78%. Einnig er í kaflanum byggt á talningu Ferðamálastofu á brottfararfarþegum í Leifstöð og á upplýsingum frá Austfari ehf um ferðamenn með Norrænu og ISAVIA varðandi umferð um aðra flugvelli en Leifstöð.

Í kafla 3.0, um notkun erlendra ferðamanna á bílaleigubílum, er einnig að hluta stuðst við *Dear Visitors* könnunina (um 2.700 svör) en einnig sérkönnun sem framkvæmd var fyrir Vegagerðina í Leifstöð meðal erlendra brottfararferðamanna á tímabilinu maí-desember 2016 er nefndist *Dear Visitors; roads and security*. Þar fengust 999 gild svör og var svörun 76%. Sú könnun var einnig í boði á sömu sex tungumálunum og nefnd voru hér að ofan. Jafnframt er hliðsjón tekin af tölum Vegagerðarinnar um umferð á þjóðvegum landsins og einnig sérstakri talningu sem hófst í mars 2016 á hlutfalli erlendra ökumanna sem fóru um Hvalfjarðagöng á tímabilinu febrúar 2016 til janúar 2017 (einn könnunardagur í mánuði til reynslu). Var hún framkvæmd af starfsmönnum Spalar fyrir Vegagerðina.

Í kafla 4.0 er nær alfarið stuðst við könnunina *Dear Visitors; roads and security* frá maí-desember 2016 en einnig nokkuð við spurningar fyrir Vegagerðina um álit á íslenska vegakerfinu í *Dear Visitors* könnun RRF árin 2015, 2003, 1998 og 1996 (á við kafla 4.22).

1.2 Úrvinnsla

Erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni og einnig í sérkönnun fyrir Vegagerðina eru flokkaðir eftir sjö markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *önnur svæði*.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Asía	Kína, Japan, Indland, S-Kórea, Singapore o.fl.
Önnur svæði	Austur-Evrópa, Afríka, Ástralía og Suður-Ameríka.

Í þessari greinargerð verða svör við spurningunum oft greind eftir þessum markaðssvæðum, en auk þess eftir kyni, aldurshópum, menntun, ferðamáta (eigin vegum - *self drive* ferð - hópferð), farartæki, eftir því hvort fólk hefur komið áður til Íslands eða ekki, eftir dvalarlengd á Íslandi og tímabilum ársins (maí-ágúst og september-desember).

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er.

Í kafla 4.0, þar sem unnið er úr sérkönnun fyrir Vegagerðina, er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem fóru frá Íslands um Leifsstöð á tímabilinu maí til desember 2016, eða nálægt 1.370 þúsund manns.¹ Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstöllum.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,4	4,6	5,5	6,1	6,2	7,1	7,5	7,7
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1300	1,2	1,6	2,0	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5

Dæmi um notkun á töflu 1.2

Ef 10% svarenda í könnuninni *Dear Visitors; roads and security* sem hér er byggt á höfðu ákveðna skoðun verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 1,9% miðað við um 1.000 erlenda svarendur sem tóku þátt í henni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 40% verður frávikið +/-3,0%. Þessa tölfræði er gott að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar og túlkun niðurstaðna.


¹ Heimild: talning Ferðamálastofu í Leifsstöð, www.ferdamalastofa.is

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2016 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-40% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju 2004-2016,

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2016 ferðamenn með flugi og ferju og farandverkafólk



fjölgaði úr 362 þúsund í nálægt 1.800 þúsund, eða fimmfalt, sem jafngildir rúmlega 14% árlegri fjölgun á þessu tímabili.

Helstu ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig

þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu árin má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2016 um 61% gesta til landsins en sumargestir 39%. Þá hefur erlendu farandverkafólki nú fjölgað verulega á ný síðustu 2-3 árin vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru lengi og allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verilega dregið sama og árið 2016 voru erlendar gistinætur á Íslandi svipað margar yfir sumarmánuðina þrjá og hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítillaga verið að stytast og var t.d. um 9,1 nætur að jafnaði sumarið 2016 samkvæmt könnunum RRF en um 5,6 nætur utan sumars. Þannig má áætla að árið 2016 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 11,8 milljónir talsins; þar af um 6 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (51%) en


5,8 milljónir hina níu mánuði ársins (49%). Er þá öll gisting meðtalin, s.s. hjá vinum, í húsbílum og í tjaldi á víðavangi.²

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku síðustu 2-3 ár hefur hins vegar skilað þeim á toppinn meðal gesta utan sumars. Þá hefur gestum utan helstu hefðbundnu markassvæða okkar einnig fjölgað mjög mikið utan sumars og nálgast fjölda Breta utan sumars á síðasta ári.

Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbaráttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá Norður-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum og juku það forskot síðan mikið sumarið 2016. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) koma meira til Íslands að sumarlagi en utan þess. Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma hins vegar talsvert síður að utan sumars svo sem sést betur á myndum 2.2-2.3.³

Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum

farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2016¹



² Hér er gert ráð fyrir að um 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016 hafi verið vegna fólks sem starfaði á Íslandi (farandverkafólk o.fl.), um 90 þúsund brottfarir, og því ekki ferðamenn í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir), þegar gistinætur eru áætlaðar til að forðast ofátlanir (1.796.000 - 90.000).

³ Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars) - nema árið 2016 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-desember).

Með í hópnum „aðrir“ eru t.d. allir ferðamenn frá Asíu, þar með talinn mjög vaxandi fjöldi Kínverja en einnig Japanir, Indverjar, íbúar Suður-Kóreu, Singapore og Tævan o.s.frv.. Merki eru um verulega aukinn fjölda gesta frá öllum þessum löndum. Auk þess falla íbúar Ástralíu undir þennan hóp og kannanir benda einnig til að þeim hafi fjölgað verulega á síðustu árum og sömuleiðis íbúum fjölmargra landa í austurhluta Evrópu, Eystrasaltsríkjanna og fleiri landa. Undir þennan hóp falla einnig öll lönd Afríku og Suður-Ameríku en gestum þaðan virðist hins vegar fjölga mun hægar.


Nú flokkar Ferðamálastofa Þjóðerni íbúa 17 landa en allir hinir eru settir saman undir "annað". Í Asíu eru það því einungis Kínverjar og Japanir sem eru taldir sérstaklega en ekki Indverjar eða aðrar þjóðir Asíu. Brýnt er að telja séstaklega íbúa fleiri landa til að auðvelda rannsóknir og auka nákvæmni tölfræðinnar hvað erlenda gesti til landsins varðar.

Það má lauslega áætla 7-8% erlenda gesta til Íslands árið 2016 hafi verið Asíubúar, 120-135 þúsund manns, eða nálægt þriðjungur af þeim sem settir voru í hópinn „aðrir“ á myndum 2.2 og 2.3 hér að framan.⁴ Þar af voru Kínverjar um 67 þúsund, eða um 4% gesta til landsins, en Japanir um 22 þúsund. Fjöldi Kínverja til Íslands hefur nær fjórfaldast frá árinu 2013 þegar þeir voru um 17 þúsund. Japönunum hefur hins vegar fjölgað tæplega tvöfalt frá 2013 þegar þeir voru um 12 þúsund.

Sumarið 2016 voru um 30,5% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 17% frá Mið-Evrópu (mest Þjóðverjar), 13% frá Suður-Evrópu, 11% frá Norður-löndunum, 8% frá Bretlandseyjum/Írlandi, 3,5% frá Benelux löndunum (mest Hollendingar) og 17% komu annars staðar frá. Utan sumars 2016 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru gestir frá Norður-Ameríku fjölmennastir (25%) en síðan Bretar (24%) og ferðamenn utan helstu markaðssvæða (21%). Þá komu Norðurlandabúar og gestir frá Mið-Evrópu (10% hvor hópur), gestir frá Suður-Evrópu (7%) og loks frá Benelux löndunum (3%).

Mynd 2.4


Skipting erlendra gesta á Íslandi 2016 eftir markaðssvæðum



⁴ Ekki er þó hægt að áætla þetta hlutfall af nákvæmni sökum þess að nú er einhvörðungu talinn fjöldi Kínverja og Japana á leið úr landi en ekki annarra Asíuþjóða.


2.2 Ferðamáti og farartæki

Mynd 2.5 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2016 eins og sumarið 2015 voru 71% svarenda á eigin vegum, 16% í "self drive" ferð og 13% í skipulagðri hópferð.

Mynd 2.6 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2016 notuðu hins vegar um 65% gestanna eitthvað bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 22% hópferðabíl og 11% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vína/ættingja á Íslandi eða hjóla um landið.

Þá nýttu um 60% gesta á jaðarmánuðunum 2016 sér bílaleigubíl (mars, apríl, maí, september og október) og um 40% gesta yfir fjóra dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember). Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2016 og t.d. nær helmingur gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra og rúmlega 30% á jaðarmánuðunum.

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð.


Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2016 notuðu hins vegar um 65%

3.0 Notkun erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2016 - og samburður við fyrri ár

3.1 Notkun bílaleigubíla 2016


Samkvæmt niðurstöðum í könnunum RRF bæði fyrir Vegagerðina og í *Dear Visitors* könnun RRF í Leifsstöð (alls um 3.700 svör) nýttu 56% erlendar ferðamanna bílaleigubíla í Íslandsferðinni árið 2016, eða um 960 þúsund manns.⁵ Yfir sumarmánuðina þrjá nýttu að jafnaði 64% sér bílaleigubíla, 60% ferðamanna á jaðarmánuðunum (mars, apríl, maí, september og október) og 40% ferðamanna yfir dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember).

Mynd 3.1



Af íbúum einstakra markaðssvæða nýttu ferðamenn frá Benelux löndunum sér helst bílaleigubíl í ferð sinni á Íslandi árið 2016 (78%) og síðan gestir frá Suður-Evrópu (73%) og gestir utan helstu markaðssvæða (69%). Þá komu ferðamenn frá Mið-Evrópu (59%), Norður-Ameríku (57%), Asíu (54%) og Norðurlöndunum (52%) en ferðamenn frá Bretlandseyjum ráku lestina (37%).

Mynd 3.2




⁵ **Forsendur:** árið 2016 komu um 1.800 þúsund erlendir ríkisborgarar til Íslands. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu á brottfarargestum fóru 1.767 þúsund þeirra um Leifsstöð. Þá er gert ráð fyrir að 16-18 þúsund erlendir gestir hafi komið til landsins með Norrænu og 12-14 þúsund um aðra flugvelli landsins, mest um Reykjavík en einnig Akureyri og Egilsstaði. Til að forðast ofátlanir er gert ráð fyrir að 5% allra komugesta, um 90 þúsund, hafi verið fólk sem vinnur á Íslandi. Í þessum kafla verður því miðað 1.710 þúsund erlenda gesti þegar áætlanir eru settar fram um fjölda þeirra sem leigðu bíl árið 2016, vegalengdir sem eknar voru o.s.frv.

3.2 Fjöldi sem nýtti bílaleigubíla 2016, 2014 og 2009

Svo sem fram kom á mynd 2.6 hér að framan hefur notkun erlendra ferðamanna á bílaleigubílum aukist jafnt og þétt frá því að mælingar RRF hófust árið 1996, en þó einkum á síðustu 7-8 árum.

Sé litið til þróunarinnar síðustu sjö árin má áætla út frá *Dear Visitors* könnun RRF að árið 2016 hafi um 960 þúsund ferðamenn nýtt sér bílaleigubíla á Íslandi (56% gestanna), samanborið við um 480 þúsund árið 2014 (48%) og 166 þúsund árið 2009 (33%). Samkvæmt þessu nýttu 5,8 sinnum fleiri ferðamenn sér bílaleigubíla á Íslandi árið 2016 en árið 2009 og tvöfalt fleiri árið 2016 en árið 2014.

Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem nýttu sér bílaleigubíla á Íslandi eftir mánuðum 2016, 2014 og 2019



2016	26	28	55	49	72	112	137	147	121	98	52	60
2014	12	18	22	25,2	41	24	98	94	16	16	19	14
2009	4,2	3,4	5,1	7,0	12	24,2	37	42	16,0	9,8	3,5	2,3

Samkvæmt þessum niðurstöðum má einnig áætla að 12 sinnum fleiri erlendir ferðmenn hafi nýtt sér bílaleigubíla yfir helstu vetramánuðina árið 2016 (janúar, febrúar, nóvember, desember) en árið 2009, eða um 166 þúsund manns á mótí 13-14 þúsund. Þær benda einnig til þess að um 8 sinnum fleiri ferðamenn á jaðartímunum árið 2016 (mars, apríl, maí, sept. og okt.) hafi nýtt sér bílaleigubíla en ferðamenn sömu mánuði 2009, eða nær 400 þúsund á mótí um 50 þúsund. Hins vegar var fjöldunin aðeins 3,8 föld yfir helstu sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst), um 400 þúsund sumarið 2016 á mótí 103 þúsund árið 2009.

Um 59% þeirra sem leigðu bílaleigubíl árið 2016 gerðu það utan sumarmánaðanna þriggja en það hlutfall var 44% árið 2014 og 38% árið 2009.


3.3 Akstursvegalengdir



Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Þau 56% erlendra gesta sem nýttu sér bílaleigubíla árið 2016 óku að meðaltali um 1.700 km, eða um 230 km á dag að jafnaði þá 7,5 daga sem dvalið var á Íslandi. Daglegur meðalakstur eftir mánuðum var á bilinu 220-250 km, nema í desember þegar hann var um 180 km. Hins vegar var meiri munur á heildarakstri, bæði eftir mánuðum og einnig búsetu svarenda/markaðssvæðum, enda dvelur fólk mislengi á Íslandi eftir mánuðum og eftir búsetu. Þannig var heildarakstur á hvern leigusamning lengstur í júlí og ágúst, um 2.200 km, en stystur í desember, um 900 km.


Mynd 3.4 Meðalakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum pr útleigu eftir mánuðum 2016



Meðalakstur ferðamanna á bílaleigubílum sem þeir nýttu sér árið 2016 var tæplega 1.100 km yfir helstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember), um 1.600 km á jaðarmánuðunum (mars, apríl, maí, september og október) og 2.150 km yfir sumarmánuðina þrjá. Kannanir RRF benda til þess að akstur ferðamanna á bílaleigubílum á hvern leigusamning árið 2009 hafi að jafnaði verið um 10-15% minni en árið 2016.

Áætlað er að meðalakstur á bílaleigubílum á hverja útleigu árið 2016 hafi verið lengstur meðal gesta frá Benelux löndunum (um 2.400 km) og síðan meðal gesta frá Suður-Evrópu (2.200 km), Mið-Evrópu (2.100 km), Asíu (1.900 km) og meðal ferðamanna utan helstu markaðssvæða (1.800 km). Hann var mun styttri meðal gesta frá Norður-Ameríku (1.400 km) og Bretlandi (1.200 km) og stytstur meðal Norðurlandabúa (1.100 km).⁶

Mynd 3.5 Meðalakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum pr útleigu 2016 og eftir búsetu



Hér er miðað við þrír hafi verið í hverjum bíl sem leigður var að bílstjóra meðtöldum.⁷ Samkvæmt því er áætlað að þeir um 957 þúsund erlendir ferðamenn sem nýttu bílaleigubíla árið 2016 hafi gert 319 þúsund leigusamninga. Áætlaður meðalakstur á hverja leigu er um 1.700 km eins og áður kom fram. Þar með má áætla að erlendir ferðamenn hafi ekið bílaleigubílum alls um 540 milljónir km á Íslandi árið 2016. Það samsvarar meðalakstri um 45 þúsund heimilisbíla á Íslandi miðað við 12 þúsund km akstur á ári. Árið 2016 voru nálægt 220 þúsund einkabílar á Íslandi eða um 0,67 bíll á hvern íbúa. Því má áætla akstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árið 2016 um 20% af öllum akstri Íslendinga á það ár. Ef miðað er við 8 lítra meðaleyðslu bílanna á hverja 100 km og eldsneytisverð að jafnaði 200 kr á lítra má lauslega slá á að eldsneytisútgjöld erlendra ferðamanna vegna aksturs á bílaleigubílum á Íslandi árið 2016 hafi numið 8,6 milljörðum króna. Þar af fer yfir helmingur til ríkisins.

Til samanburðar má nefna að áætlað er að árið 2014 hafi erlendir ferðamenn ekið bílaleigubílum á Íslandi um 270 milljónir km og um 90 milljónir km árið 2009. Því er áætlað að álag bílaleigubíla á vegakerfið, þar sem erlendir ferðamenn voru við stýrið, hafi verið nær sex sinnum meira árið 2016 en árið 2009 og tvöfalt meira árið 2016 en 2014.

Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan heildarakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum eftir mánuðum ársins 2016 í milljónum kílómetra og sömuleiðis hlutfallslega skiptingu eftir mánuðum. Þannig er


⁶ Þeir sem leigðu bíl árið 2016 dvöldu að jafnaði 7,8 nætur á Íslandi (8,3 daga) en aðrir um 5,6 nætur. Meðaltal 6,9 nætur. Þeir sem leigðu bíl voru að jafnaði með hann um 90% af tíma sínum á Íslandi (7,5 daga af 8,3).

⁷ Mögulega er þessi áætlaði meðafjöldi í bíl í hærri kantinum. En eft.t.d.er miðað við 2,5 í bíl að jafnaði hækka allar tölur um vegalengdir og fjölda bílaleigubíla í umferð sem því nemur, eða um 17%.

t.d. áætlað að heildarakstur þeirra á bílaleigubílum í ágúst s.l. hafi verið um 107 milljónir km eða um 3,5 milljón km á dag að jafnaði. Það samsvarar um 2.500 hringjum umhverfis landið eftir þjóðvegi 1 eða fimm ferðum fram og til baka til tunglsins. Hins vegar er heildaraksturinn áætlaður minnstur í janúar og febrúar, 9-10 milljónir km hvorn mánuð.


Hér er einnig áætlað að 53% af öllum akstri erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hafi átt sér stað yfir sumarmánuðina þrjá, 37% í jaðarmánuðunum en 10% yfir fjóra dimmstu vetrarmánuðina.

Mynd 3.6 Heildarakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2016 og hlutfall - eftir mánuðum



Það er einnig áhugavert að skoða heildarakstur erlendra gesta á bílaleigubílum árið 2016 búsetu/ markaðssvæðum. Niðurstaðan er sú að gestir frá Norður-Ameríku óku mest eða um 128 milljónir km, 24% af heildinni. Síðan komu ferðamenn frá Suður-Evrópu, utan helstu markaðssvæða og Mið-Evrópubúar með 79-87 milljónir km eða 15-16% hlutfall hver hópur. Þá komu ferðamenn frá Asíu og Bretlandi með 45-49 milljónir km og 8-9% hlutfall hvor hópur en ferðamenn frá Norðurlöndunum og BeNeLux löndunum óku styst eða um 33 milljónir km alls og um 2% hvor hópur. Neðan við mynd 3.7 má til samanburðar sjá hlutdeild gesta frá þessum markaðssvæðum af komum ferðamanna til Íslands árið 2016.

Mynd 3.7 Heildarakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2016 og hlutfall - eftir búsetu




Hlutfall til Ísl. 2016	28%	9%	12%	7%	18%	10%	3%	12%
------------------------	-----	----	-----	----	-----	-----	----	-----

3.4 Fjöldi bílaleigubíla í umferðinni

Á næstu mynd er áætlað hve margir bílar voru í útleigu til erlendra ferðamanna að jafnaði á hverjum tíma eftir mánuðum ársins 2016. Áætlað er að þeir hafi verið flestir í ágúst, um 16 þúsund á sama tíma, 14-15 þúsund í júlí, um 12 þúsund í júní og litlu færri í september. Hins vegar hafi fæstir bílar verið í útleigu samtímis í janúar og febrúar, 1,4-1,5 þúsund en síðan í mars og apríl, 2,6-2,8 þúsund og þá í nóvember og desember, 3,1-3,2 þúsund. Að jafnaði voru mun fleiri bílar í útleigu erlendra gesta í október 2016, um 7,2 þúsund, en í maí, 5,5 þúsund.

Mynd 3.8 Meðalfjöldi bílaleigubíla í umferð/leigu hverju sinni eftir mánuðum 2016



Mögulegt var leigja sama bílinn að jafnaði 6 sinnum yfir helstu vetrarmánuðina 2016 miðað við fulla nýtingu (meðaldvöl á Íslandi þá 5 nætur), 4-5 sinnum á jaðarmánuðunum en þrisvar sinnum yfir sumarmánuðina (meðaldvöld 9-10 nætur).

3.5 Umferð erlendra ferðamanna á bílaleigubílum á nokkrum stöðum og svæðum árið 2016

Sé rýnt nánar í tölur um notkun bílaleigubíla meðal erlendra ferðamanna á Íslandi má lauslega áætla fjölda þeirra eftir stöðum. Þannig má samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF áætla að nálægt 1,2 milljónir erlendra ferðamenn hafi lagt leið sína að Geysi í Haukadaleið árið 2016 eða um 70% af ferðamönnum til Íslands. Af þeim, hafi um 77% komið þangað á bílaleigubíl eða um 920 þúsund manns á um 307 þúsund farartækjum (gert ráð fyrir þremur í bíl). Það þýðir um 840 bílaleigubíla á dag að jafnaði. Þar sem árstíðasveiflur í komum ferðamanna eru talverðar við Geysi, þó þær séu mun minni en víðast annars staðar á landsbyggðinni, þá má áætla að þeir hafi að jafnaði komið þangað á um 1.600 bílaleigubílum hvern dag í ágústmánuði en á um 400 bílum að jafnaði hvern dag janúarmánaðar.

Með sama hætti má lauslega áætla um 1.300 bílaleigubílar í umsjá erlendra gesta á Þingvöllum hvern dag í ágúst 2016 og um 320 bíla hvern dag í janúar það ár. Að Jökulsárlóni eru sambærilegar tölur t.d. áætlaðar rúmlega 1.100 bílar á ágústdögum og 90 bílar á janúardögum 2016.



Við Geysi í Haukadal.

Í töflu 3.1 má sá lauslegar áætlanir um meðalfjölda bílaleigubíla á dag að nokkrum stöðum og svæðum á landinu árið 2016.

Tafla 3.1 **Áætlaður daglegur meðalfjöldi bílaleigubíla á nokkrum stöðum og svæðum árið 2016**

<i>Þúsund bílar</i>	Daglegt meðaltal yfir árið	Ágúst	Janúar
Geysir	840	1.600	400
Þingvellir	620	1.300	320
Borgarfjörður	500	1.050	130
Snæfellsnes	350	850	70
Akureyri	300	930	12
Mývatnssveit	300	960	10
Jökulsárlón	430	1.100	90

Um 80% þeirra sem leigðu sér bílaleigubíl á Íslandi árið 2016 lögðu leið sína að Geysi og Gullfossi (alls um 245 þúsund bílaleigubílar) og um 70% að Þingvöllum. Gullni hringurinn er nálægt því að vera um 250 km en oft fara ferðamenn nokkru lengri hring, s.s. að Flúðum (Gamla Laugin) eða annað. Ef gert er ráð fyrir því að þeir sem fóru Gullna hringinn eða stærstan hluta hans hafi að jafnaði ekið um 300 km í tengslum við það má lauslega áætla heildarakstur á bilinu 70-80 milljónir km árið 2016. Það gera 13-15% af heildarakstri erlendra ferðamanna á bílaleigubílum ári 2016. Ef miðað er við 8 lítra meðaleyðslu bílanna á hverja 100 km og eldsneytisverð að jafnaði 200 kr á lítra má lauslega slá á að eldsneytisútgjöld erlendra ferðamanna vegna aksturs á bílaleigubílum um Gullna hringinn og nágrenni árið 2016 hafi numið 1,1-1,3 milljörðum króna.

3.6 Hlutfall erlendra bílstjóra um Hvalfjarðargöng 2016-2017




Frá Bjarteyjarsandi í Hvalfirði.

Frá og með febrúar 2016 hafa erlendir bílstjórar sem leið eiga um Hvalfjarðargöng verið taldir sérstaklega einn fimmtudag í mánuði. Starfsmenn Spalar hafa séð um framkvæmdina fyrir Vega-gerðina. Mynd 3.9 sýnir niðurstöðurnar frá febrúar 2016 til janúar 2017.⁸

Samkvæmt þessari könnun má áætla að á ársgrundvelli hafi um 8,5% bílstjóra sem fóru um Hvalfjarðargöngin verið erlendir; þar af um 11% bílstjóra yfir sumarmánuðina þrjá (júní, júlí og ágúst), 8% bílstjóra á jaðarmánuðunum (mars, apríl, maí, september og október) og um 4,8% bílstjóra yfir dimmustu vetrarmánuðina fjóra (janúar, febrúar, nóvember og desember).

Mynd 3.9 Daglegur fjöldi og hlutfall erlendra ökumanna um Hvalfjarðargöng febrúar 2016 til janúar 2017⁹



Það má því lauslega áætla að alls hafi 190-200 þúsund bílar með erlendum ferðamönnum farið um Hvalfjarðargöngin á þessu 12 mánaða tímabili, eða að jafnaði 520-550 bifreiðar á dag. Áhugavert er að halda könnuninni áfram í Hvalfjarðargöngum á þessu ári (2017) og framvegis til að fylgjast með þróuninni.

⁸ ATH: Niðurstöðurnar eru áætlaðar fyrir mánuðina júní og nóvember þar sem þá féll könnunin niður.


⁹ Heimild: Spölur fyrir Vegagerðina c/o Friðleifur Ingi Brynjarsson.

4.0 Akstur og öryggi erlendra ferðamanna á vegum 2016

4.1 Bakgrunnur svarenda

Hlutfall karla og kvenna í könnuninni var nær jafnt. Um 51% svarenda voru á aldrinum 16-35 ára, 32% voru 36-55 ára og 17% yfir 55 ára. Meðalaldur var 40 ár. Flestir voru búsettir í Norður-Ameríku (35%), en síðan í Mið-Evrópu (16%), á Bretlandseyjum (16%) og í Suður-Evrópu (11%). Aðeins 20% voru með innan við fjögurra ára menntun eftir grunnskóla, 42% með 4-8 ára nám að baki eftir grunnnám og 38% með yfir 8 ár.

Mynd 4.1 Kyn, aldurshópar, búseta og menntun eftir grunnskóla



4.2 Tilgangur ferðar, föruneysi, ferðamáti og farartæki


Um 91% svarenda voru gagnert í fríi á Íslandi og 4% í viðbótar að hluta til í fríi (en þá oftast einnig í heimsókn eða á ráðstefnu). Þá voru um 4% hér í heimsókn, 2% að sækja ráðstefnu, 1,5% vegna vinnu á Íslandi, 1% í viðskiptaerindum, 0,5% vegna hátíðar/viðburðar og 1% í öðrum erindagjörðum.

Flestir voru á ferð með maka/sambúanda (45%) en síðan með vinum í för (25%) með barn/börn í föruneysi (14%), öðrum ættingjum (12%) eða einir á ferð (9%).¹⁰ 70% voru í ferð á eigin vegum,

¹⁰ 7% voru í blönduðu föruneysi, s.s. með maka og vinum eða maka og öðrum ættingjum. Því er samtalan 107% hvað föruneysi varðar.

17% í svo kallaðri *self drive* ferð (að hluta skipulögð) og 13% í skipulagðri hópferð. 62% nýttu sér bílaleigubíl í ferðinni, 30% notuðu eitthvað hópferðabíl, 10% áætlunarbíl og 5% bíl vina á Íslandi.


Mynd 4.2 Föruneyti, ferðamáti og farartæki á Íslandi



4.3 Flugfélag til og frá Íslandi

Spurt var hvaða flugfélag þátttakendur nýttu sér til að koma til Íslands og frá landinu. Um 53% nýttu sér *Icelandair*, 29% *Wow air*, 7% *Air Berlin*, 4% *Easy Jet* og 2,6% *British Airways*. Þá nýttu 1,0-1,5% svarenda sér flugfélögin *Norwegian*, *Wizz Air*, *Lufthansa*, *SAS* eða *Transavia*.¹¹

Mynd 4.3 Flugfélag til/ frá Íslandi



Önnur flugfélög sem nefnd voru: *Eurowings*, *Vueling*, *Germania*, *Delta*, *Primera Air*, *Atlantic Airways* og *Austrian Airlines*.


¹¹ Um 5% nýttu sér annað flugfélag frá Íslandi en til landsins og því verður samtalan 105% þegar allt er talið.

4.4 Dvalarlengd

Meðaldvöl þátttakenda á Íslandi (maí-desember 2016) var 7,5 nætur. Um 17% gistu í 1-3 nætur, 41% í 4-7 nætur, 35% í 8-14 nætur og 6% lengur en 14 nætur.

Mynd 4.4

Dvalarlengd á Íslandi - flokkuð




Dvalarlengd ferðamanna á Íslandi er mjög misjöfn eftir búsetu þeirra svo sem sjá má á næstu mynd.

Mynd 4.5

Nætur á Íslandi

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, menntun, föruneysi, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki og farartæki




4.5 Komið áður til Íslands

Um 12% svarenda höfðu komið áður til Íslands en 88% voru að koma í fyrsta skipti.

Mynd 4.6

Komið áður til Íslands




Norðurlandabúar höfðu helst komið áður til Íslands (27%), síðan gestir frá Mið-Evrópu (23%) en Asíubúar síst (enginn). Þá höfðu þeir sem voru einir á ferð (24%) eða með vinnufélögum (23%) komið frekar til Íslands en fólk í annars konar föruneysi.

Mynd 4.7

Komið áður til Íslands

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, menntun, föruneysi, dvalarlengd og farartæki




4.6 Þættir sem höfðu mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð

Í könnuninni voru nefndir 13 þættir og var fólk beðið um að merkja við alla þá sem höfðu mikil áhrif á að þeir ákváðu að heimsækja Ísland að þessu sinni. Auk þess gat fólk nefnt aðra þætti sem höfðu mikil áhrif á að þeir völdu Ísland sem áfangastað.

Af þeim þáttum sem gefnir voru merktu flestir, eða 87%, við að íslensk náttúra hefði haft mikil áhrif á val þeirra, 53% nefndu landsbyggðina og 51% villta náttúru. Þá merktu 33% við hreint vatn/ loft, 32% við Reykjavík, 30% norðurljósín og 24% við sögu/menningararf, 18% við íslenska hestinn, 16% hvalaskoðun, 14% menningu/listir, 10% við öryggið á Íslandi, 6% íslenska tónlist og 3% íslenskar kvikmyndir.

Mynd 4.8

Þættir sem höfðu mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð



Alls nefndu 137 þátttakenda, eða 14%, annað sem hafi mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja Ísland. Þar af nefndu áberandi flestir Bláa Lónið, eða 24 (2,4% þátttakenda), en síðan það að heimsækja vini/ættingja (8 svarendur), jökla (7), eldfjöll/fjöll (6), ísliskan mat (6), brúðkaup (5), lunda (4), fossa (4), jarðfræði (4), Íslendinga (4), staðsetningu/mitt á milli USA og UK (4), stopover (3), jarðhita/hveri (3), ódýrt flug (2), útsýnið (2), geitur (2), Björk (2), fugla (2), íslenskt veður (2), ekki of margt fólk (2), næturlíf (2), íslenska knattspyrnu (2), að þrjóna (2).

Annað nefnt sem mikilvæg ástæða Íslandskomu:

Sigurrós, Melrakkasetrið á Súðavík, álfar, Reynisfjara, boot camp, tungumálið, Laugavegurinn, laxveiðar, laugarnar, klifur, konur, einfaldleikinn, fiskur, flugvélabreyting, fjallahjólreiðar, fyrri reynsla, Gullni hringurinn, íshellir, ganga um landið, Harpa, íslenskar morðgátuseriur, íslenskir spítalar, flekahreyfingarnar, kuldi, jaðariþróttir, utan vega slóðar, rómantískt, Pírata-flokkurinn, maraþon, viðskipti, ráðstefna, vinnuferð, gay life, þögnin.



Á selaslóðum við Ísafjarðardjúp.


Tafla 4.1 sýnir niðurstöðurnar greindar eftir ýmsum þáttum. Þar má víða sjá verulegan mun á hvað hafði áhrif á að fólk valdi Ísland sem áfangastað. Munurinn er mestur eftir búsetu fólks og tíma heimsóknar en stundum einnig eftir aldurshópum, ferðamáta og farartæki. Lítil munur er á kynjum, með þeirri undantekningu að íslenski hesturinn hafði meiri áhrif á val kvenna en karla.

Tafla 4.1 Þættir sem höfðu mikil áhrif á ákvörðun um Íslandsferð

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki, farartæki og tímabilum

%	Íslensk náttúra	Landsbyggðin	Víllt náttúra	Hreint Vatn/lloft	Reykjavík	Norðurljósin	Saga/menn-ingararfur	Íslenski hesturinn	Hvala-skoðun	Menning/listir	Öryggi	Íslensk tónlist	Íslenskar kvikmyndir
Karl	85	55	50	31	31	28	25	11	16	12	9	6	3
Kona	88	51	53	35	33	32	24	25	16	15	11	6	3
16-35	88	55	56	37	34	38	24	19	14	17	10	7	3
36-55	86	51	49	29	32	25	23	16	19	10	9	5	2
> 55 ára	84	52	40	30	27	14	27	19	17	13	10	5	4
Norðurlönd	88	34	43	27	42	4	22	35	16	6	5	4	2
Mið-Evrópa	92	78	42	36	24	19	16	21	29	12	13	2	4
Benelux	93	39	61	23	16	7	10	6	35	3	4	2	1
Bretland	75	69	49	22	39	55	27	11	12	9	5	4	3
S-Evrópa	93	18	56	38	16	24	16	15	20	12	12	3	3
N-Ameríka	85	60	60	43	40	35	33	21	7	20	12	7	2
Asía	89	24	30	12	18	29	5	18	18	6	18	2	0
Aðrir	88	51	51	33	31	36	34	9	22	20	11	15	5
Eigin vegum	88	52	53	34	34	30	25	16	13	15	11	7	2
"Self drive"	91	60	54	32	27	25	27	22	21	13	7	5	4
Hópfarar	77	48	38	31	29	35	21	24	28	10	10	3	5
Fyrsta skipti	87	53	51	32	33	31	25	18	16	14	10	6	3
Komið áður	87	53	51	39	31	22	19	20	17	15	12	5	3
Bílaleigubíll	92	56	58	32	27	26	23	19	16	13	10	5	3
Hópfarabíll	77	50	37	33	45	40	27	17	18	16	9	6	4
Áætlunarbíll	89	53	41	37	44	27	27	18	15	18	13	10	4
Mai-ágúst	90	54	56	36	29	6	24	20	20	14	11	5	2
Sept.- des.	82	52	43	29	37	66	24	16	10	14	9	7	4
Meðaltal	87	53	51	33	32	30	24	18	16	14	10	6	3


4.7 Aflað upplýsinga um Ísland fyrir ferðina



Um 92% þátttakenda í könnuninni höfðu leitað sér upplýsinga um Ísland áður en þeir komu. Flestir öfluðu sér upplýsingar á *Google* (72%) en síðan í ferðahandbókum (49%) hjá fjölskylda/vinum (42%) eða á *Trip Advisor* (41%). Þá fengu allmargir upplýsingar um Ísland á *Wikipedia* (22%) eða á vefsíðunni *www.visiticeland.com* (19%) en færri úr greinum í blöðum/tímaritum (10%), í sjónvarpi/útvarpi (9%), íslenskum kvikmyndum (8%) eða úr Íslendingasögunum (4%).

Mynd 4.9

Upplýsingaöflun um Ísland fyrir ferðina



Af um 500 erlendum svarendum sem sögðust hafa nýtt sér ferðahandbækur til að afla sér upplýsinga um Ísland tilgreindu 221 hvaða bækur það hefðu verið.

Langflestir, eða 117, nefndu *Lonely Planet* eða um 53% þeirra sem nefndu eitthvað. Síðan komu *Marco Polo* (10), *Dumont* (9), *Frommers* (8), *Routard* (7), *Top 10 Iceland* (7), *Michelin* (6), *Rough Guide* (6), *Dominicus* (5), *ANWB* (5), *Insights Guide* (5), *Fodor's* (4), *Turen går til Island* (3), *Iwanowski* (3), *Müller* (2), *Baedeker* (2), blogg (2), *Eyewitness* (2), *Iceland Travel Guide* (2).

Annað nefnt:

Mont, Globetrotter, Logitravel, Mondo, Merian, Petit Futé, Polyglot, Rick Steves, Tomas Cook, Wikivoyage, Moon Travel Guides, Berlitz og Domestik.

Í töflu 4.2 eru niðurstöðurnar greindar eftir ýmsum þáttum. Þar má víða sjá áhugaverðan mun á því hvar fólk fékk upplýsingar um Ísland. Munurinn er mestur eftir búsetu fólks og eftir tímabilum ársins en einnig verulegur eftir aldurshópum, ferðamáta og farartæki. Þá er einnig stundum talsverður munur á upplýsingaöflun karla og kvenna.

Tafla 4.2**Upplýsingaöflun um Ísland fyrir ferðina**


eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki, farartæki og tímabilum

%	Aflað upplýsinga	Google	Ferðahand- bækur	Fjölskylda/ vinir	Trip Advisor	Wikipedia	visiticeland. com	Greinar í blöðum	Sjónvarp/ útvarp	Íslenskar kvikmyndir	Íslendinga- sögur
Karl	91	71	44	36	41	24	16	8	8	6	4
Kona	94	72	54	47	41	19	22	11	10	10	4
16-35	91	79	44	45	47	27	22	9	7	8	4
36-55	94	69	53	39	36	20	15	11	10	8	4
> 55 ára	93	56	57	38	33	10	18	9	14	14	4
Norðurlönd	80	65	38	43	22	23	18	8	8	2	5
Mið-Evrópa	94	62	68	36	20	21	21	16	26	21	5
Benelux	100	75	74	46	32	16	17	3	6	7	3
Bretland	92	70	49	38	58	18	24	6	7	1	1
S-Evrópa	94	70	58	39	25	21	14	12	8	5	5
N-Ameríka	93	68	45	47	55	24	19	8	2	8	4
Asía	88	69	25	31	56	19	13	25	13	0	0
Aðrir	98	75	46	41	32	27	18	9	7	13	9
Eigin vegum	92	74	48	43	44	22	21	9	7	8	5
"Self drive"	95	72	57	43	37	24	18	12	14	9	2
Hópfarar	89	59	44	34	28	15	12	10	12	6	3
Fyrsta skipti	93	74	49	43	43	22	19	10	9	8	3
Komið áður	89	57	51	34	29	18	19	12	12	10	11
Bílaleigubíll	95	76	56	44	42	25	22	11	9	9	3
Hópfarabíll	90	68	43	40	44	14	19	9	9	6	4
Áætlunarbíll	88	70	36	35	43	24	16	7	6	13	5
Mai-ágúst	93	68	55	41	35	21	18	11	10	10	5
Sept.- des.	92	77	40	43	50	23	21	9	8	5	2
Meðaltal	92	72	49	42	41	22	19	10	9	8	4

4.8 Helstu bílaleigur sem skipt var við og álit á þjónustu þeirra

62% svarenda í könnuninni (maí-des. 2016) nýttu sér eitthvað bílaleigubíla, eða 623 svarendur. 585 þeirra gáfu upp hvaða bílaleigu þeir skiptu við (94%) en 38 gerðu það ekki (6%). Flestir notuðu *Sixth*, *AVIS* og *Europcar* en því næst *Hertz*. Á mynd 4.10 eru nefndar þær leigur sem yfir 2% þeirra sem notuðu bílaleigubíla nýttu sér í Íslandsferðinni. Alls voru nefndar 50 bílaleigur.

Mynd 4.10



Í töflu 4.3 má sjá hvaða meðaleinkunnir þessar bílaleigur fengur fyrir persónulega þjónustu, ástand bíla, leiguverð og í heildareinkunn (fjöldi svara í sviga). Ástand bílanna hjá öllum leigunum sem nefndar voru (ekki bara hjá þeim 14 efstu) fékk hæstu meðaleinkunnina (8,4) en síðan kom þjónustan (7,8) og leigurnar í heild sinni (7,6) en leiguverð bílanna fékk þá lægstu (6,6).

Tafla 4.3

Meðaleinkunnir fyrir nokkra þætti hjá bílaleigunum

Meðaleinkunn (1-10)	Persónul. þjónusta	Ástand bíls	Leiguverð	Heildareinkunn
Sixth (86)	8,1	8,5	7,2	7,9
AVIS (84)	7,2	8,1	6,1	7,0
Europcar (79)	7,5	8,8	5,9	7,6
Hertz (60)	7,9	8,8	6,4	7,6
Blue car (33)	8,0	8,3	7,1	8,0
Enterprise (31)	7,5	8,5	6,3	7,4
Budget (26)	7,6	8,0	6,1	7,2
Procar (25)	7,3	8,7	7,2	8,0
Thrifty (25)	8,8	8,8	7,6	8,5
Green motion (20)	8,5	8,5	6,8	7,8
Geysir (16)	8,1	8,2	7,1	7,5
Go Iceland (15)	7,1	7,4	5,3	6,9
Sadcars (14)	7,5	6,6	8,0	7,6
Meðaltal - allar leigur	7,8	8,4	6,6	7,6

Aðrar bílaleigur sem nefndar voru (fjöldi svarenda innan sviga):

Icerental 4x4 (11), Cars Iceland (10), Route1 (9), Lagoon (9), Iceland 4x4 (8), KuKu Campers (7), Go campers (6), Fair car (6), Dollar (6), Hasso (6), Campers Iceland (4), ACE (4), Happy Campers (3), Átak (3), McRent (3), Citycar (3), Auto (3), Rent a wreck (2), CheapJeep (2), Ice-rovers (2), Orange (2), CampEasy (2), Payless (2), Lava (2), Touring cars (2), Fastcar (2), MyCar (1), Reykjavik rent a car (1), Caravan.is (1), Thorcars (1), Snail (1), Economy (1), Firefly (1), Nordic car rental (1), Arctic Trucks (1), Lotus (1).

4.9 Fjöldi leigudaga




Bílastæði við Kirkjufellsfoss rétt vestan Grundarfjarðar.

Eins og áður sagði nýttu 62% svarenda sér eitthvað bílaleigubíla á tímabilinu maí til desember 2016. Þeir svarendur dvöldu að jafnaði 8,6 nætur á Íslandi en þeir sem ekki leigðu bíl í 6,5 nætur.

Þeir sem nýttu sér bílaleigubíl á þessu tímabili gerðu það að jafnaði í 7,9 daga eða í nálægt 90% af dvalartíma sínum á Íslandi. 14% leigðu bíl í 1-3 daga, 38% í 4-7 daga, 42% í 8-14 daga og 6% lengur en 14 daga. Um 71% leigðu bílinn í 3-10 daga en algengasti leigutíminn var 7 dagar (13%).


Mynd 4.11



4.10 Notkun öryggisbelta


97,1% þeirra sem notuðu bílaleigubíla kváðust alltaf hafa notað bílbelti á ferð sinni um Ísland, 1,7% sögðust hafa notað þau oftast, 0,7% stundum og 0,5% aldrei. Um 91% þeirra sem notuðu áætlunarbíla en 81% þeirra sem notuðu hópferðabíla sögðust alltaf hafa notað bílbelti í ferðinni.

Mynd 4.12 Notað öryggisbeltin í bílaleigubílunum



Á mynd 4.13 má sjá að hlutfall þeirra sem notuðu alltaf bílbelti í bílaleigubílunum eykst með hækkingu aldri og aukinni menntun. Þá er nokkur munur á notkun belta eftir föruneysi gestanna.


Mynd 4.13 Notað öryggisbeltin í bílaleigubílunum



4.11 Akstur utan vega


5% þeirra sem leigðu bíl kváðust mikið hafa ekið utan vega (*off road*), 36% lítið en 69% ekkert.

Mynd 4.14 Ekið utan vega (*off road*) á bílaleigubílum



Samkvæmt mynd 4.15 óku ferðamenn frá Asíu og utan helstu markaðsvæða hlutfallslega mest utan vega og eins þeir sem voru einir á ferð eða með vinnufélögum.


Mynd 4.15 Ekið utan vega (*off road*) á bílaleigubílum



4.12 Akstur á malarvegum


Af þeim sem nýttu sér bílaleigubíla óku 25% mikið á malarvegum í Íslandsferðinni, 64% lítið en 11% ekkert.

Mynd 4.16 Ekið bílaleigubílnum á malarvegum í Íslandsferðinni



Samkvæmt mynd 4.17 fer það mikið eftir dvalarlengd fólks hve mikið það ekur á Íslenskum malarvegum. Þá lækkar hlutfall þeirra sem aka á malarvegum með hækkandi aldri.

Mynd 4.17 Ekið bílaleigubílnum á malarvegum í Íslandsferðinni






Við Gaukshöfða í Þjórsárdal.

4.13 Bílstjóri eða farþegi

Þátttekendur í könnuninni voru spurðir hvort þeir hefðu verið aðalökumaður bílaleigubílsins, farþegi í framsæti eða farþegi í aftursæti. Niðurstaðan er sú að 60% voru aðalökumenn, 33% farþegar í framsæti og 13% farþegar í aftursæti.¹²

Mynd 4.18



Á toppi Skjaldbreiðar.


¹² 3% merktu við að þeir hefðu bæði verið aðalökumaður (annar þeirra) og farþegi í framsæti, 2% að þeir hefðu bæði verið farþegar í framsæti og aftursæti og 1% að þeir hefðu verið í öllum þremur hlutverkum. Samanlagt hlutfall í myndinni hér að ofan er því 106%.

4.14 Reynsla ökumanna

Af þeim sem óku bílaleigubílum kváðu 83% sig vera reynda ökumenn og 15% fremur reynda. Aðeins 1,5% sögðust vera fremur óreyndir og 0,5% að þeir væru byrjendur.

Mynd 4.19


Reynsla ökumanna bílaleigubíla



Samkvæmt mynd 4.20 jókst hlutfall reyndra ökumanna eðlilega með hækkandi aldri. Um 5% ökumanna frá Suður-Evrópu voru óreyndir og 29% ökumanna frá Asíu fremur reyndir.

Mynd 4.20


Reynsla ökumanna bílaleigubíla



Ökumenn bílaleigubílanna voru spurðir hvort þeir væru vanir akstri á malarvegum. Niðurstaðan er sú að 55% voru vanir því en 45%ekki.

Mynd 4.21


Vanur akstri á malarvegum?



Samkvæmt mynd 4.22 var mikill munur á reynslu af akstri á malarvegum eftir búsetu ökumanna. Þannig voru 68% bílstjóra frá Norðurlöndunum og Norður-Ameríku vanir malarvegum en einungis 13% ferðamanna frá Benelux löndunum og 30% Breta. Athygli vekur að eftir því sem fólk dvelur lengur á Íslandi þá lækkar hlutfall þeirra sem vanir eru malarvegum.

Mynd 4.22


Vanur akstri á malarvegum?



4.15 Vitneskja um og notkun á www.safetravel.is


24% þátttakenda í könnuninni vissu af heimasíðunni www.safetravel.is en 76% ekki. Um 11% nýttu sér hana (42% þeirra sem vissu af henni). Um 13% vissu því af síðunni án þess að nota hana.

Mynd 4.23 Vitneskja um og notkun á www.safetravel.is



Samkvæmt mynd 4.24 jókst notkun erlendra ferðamanna á safetravel.is með aukinni dvalarlengd á Íslandi. Þá var hún mest meðal fólks á aldrinum 26-45 ára og fólks utan helstu markaðssvæða.


Mynd 4.24 Vitneskja um og notkun á www.safetravel.is



4.16 Vitneskja um og notkun á *www.road.is*


14% vissu af ensku heimasíðu Vegagerðarinnar *www.road.is* en 86% ekki. Um 9% nýttu sér hana (65% af þeim sem vissu af henni) sem þýðir að um 5% vissu af síðunni án þess að nota hana.

Mynd 4.25 Vitneskja um og notkun á *www.road.is*



Samkvæmt mynd 4.26 jókst notkun erlendra ferðamanna á *road.is* með aukinni dvalarlengd á Íslandi. Þá var hún mest meðal fólks á aldrinum 18-45 ára (11-12%) og meðal ferðamanna frá Benelux löndunum og Asíu (13-14%) en minnst meðal Norðurlandabúa (0%) og Breta (4%).

Mynd 4.26 Vitneskja um og notkun á *www.road.is*




Í könnuninni var jafnframt spurt hvort þátttakendur hefðu nýtt sér upplýsingar undir hnappnum *Road conditions and weather* á síðunni *www.road.is*. Niðurstaðan er sú að það höfðu allir gert sem notuðu síðuna eitthvað, eða 9% aðspurðra.

4.17 Vitneskja um og notkun á upplýsingasímanum (+354) 1777


15% vissu um upplýsingasíma Vegagerðarinnar (+354) 1777, um færð og veður, en 85% ekki. Um 2% notuðu upplýsingasímann (13% þeirra sem vissu af honum). Um 13% vissu því af númerinu án þess að nota það.

Mynd 4.27 Vitneskja um og notkun á upplýsingasímanum (+354) 1777



Samkvæmt mynd 4.28 jókst vitneskja erlendra ferðamanna um upplýsingasímann með aukinni dvalarlengd á Íslandi. Þá var hún meiri meðal fólks með maka, börnum eða öðrum ættingjum í för en meðal þeirra em voru með vinum, vinnufélögum eða einir á ferð.

Mynd 4.28 Vitneskja um og notkun á upplýsingasímanum (+354) 1777




4.18 Fylgst með veðurspám og hvar þá?

Spurt var hvort þátttakendur hefðu fylgst með veðurspám í Íslandsferðinni. Ef svarið var „já“ þá var spurt nánar hvar fólk hefði séð veðurspárnar. Hægt var að merkja við fleira en eitt. Niðurstaðan er sú að 82% höfðu fylgst með veðurspám eða 18% ekki. Langflestir, eða 74%, höfðu náð í veðurspár á netinu en 10% á gististað, 7% höfðu heyrt þær í sjónvarpi/útvarpi, 5% séð þær á upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og 4% fengið þær hjá öðrum ferðamönnum.

Mynd 4.29

Fylgst með veðurspám - og hvar þá?



Samkvæmt töflu 4.4 fylgdust ferðamenn frá Bretlandi og Mið-Evrópu best með veðurspám í Íslandsferðinni (84-85%) en síst gestir frá Asíu og Norðurlöndunum (74-76%).

Tafla 4.4


Fylgst með veðurspám - og hvar þá?

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, áður til Íslands eða ekki, farartæki og tímabilum

%	Fylgst með spám	Netinu	Gististað	Sjónvarpi/útvarpi	Upplýsingamiðstöð	Ferðamönnum
Karl	80	73	10	6	5	4
Kona	84	75	10	8	5	4
16-35	84	76	11	5	5	5
36-55	81	75	10	8	5	2
> 55 ára	79	66	9	13	3	3
Norðurlönd	76	63	4	10	1	5
Mið-Evrópa	84	74	15	7	4	2
Benelux	83	74	9	10	5	0
Bretland	85	75	16	8	7	5
S-Evrópa	81	75	16	6	9	5
N-Ameríka	82	77	7	7	4	5
Asía	74	67	0	7	1	0
Aðrir	82	79	9	3	4	3
Eigin vegum	82	74	10	7	5	3
"Self drive"	85	79	9	6	5	3
Hópfarar	80	69	13	10	6	8
Fyrsta skipti	82	75	10	6	5	4
Komið áður	82	71	10	12	5	2
Bílaeigubíll	81	76	9	5	4	2
Hópfarabíll	83	72	11	10	7	8
Áætlunarbíll	89	76	12	7	8	8
Mai-ágúst	78	69	10	6	4	3
Sept.-des.	89	82	11	9	6	6
Meðaltal	82	74	10	7	5	4

Í könnuninni voru þeir sem höfðu náð í veðurfréttir fyrir Ísland á Internetinu spurðir hvar á netinu þeir hefðu nálgast þær. 411 svöruðu því eða um 56% þeirra sem fylgdust með veðurfréttum í ferð sinni. Flestir þeirra eða um 20% nefndu *google.com* (að þeir hefðu gúglað veðrið á Íslandi), 19% nefndu að þeir hefðu notað *veðuröpp* fyrir snjallsíma/i-pad, 17% notuðu *vedur.is*, 12% *weather.com*, 7% *accuweather.com* og 4% notuðu *bbc.com/weather*.

Mynd 4.30




Þá gáfu nokkrir upp *yahoo.com* (6), *weatherpro.eu* (5), *ilmetro.it* (3) og *road.is* (3). Allmargar vefsíður til viðbótar voru nefndar í eitt eða tvö skipti.

4.19 Mikilvægt að útrýma eða draga úr í vegagerð/umferð á Íslandi

Í könnuninni árið 2016 var fólk beðið um að taka afstöðu til sjö þátta er varða vegagerð og umferð á Íslandi og að gefa hæstu einkunn þeim þáttum sem þeir töldu mikilvægt að losna við eða draga úr. Einkunn var gefin á bilinu 1-10 (10 brýnast að lagfæra).

Mikilvægast þótti svarendum að útrýma/fækka einbreiðum brúm en síðan mjóum vegöxlum og mjóum vegum.

Mynd 4.31 Mikilvægt að útrýma eða draga úr í vegagerð/umferð á Íslandi



4.20 Afþreying á Íslandi




Ljósmyndun við Höfn í Hornafirði.

Spurt var um 15 tegundir afþreyingar á Íslandi og hvort fólk hefði stundað þær. Auk þess var spurt hvort fólk hefði heimsótt upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Hægt var að merkja við allt sem fólk hafði stundað, auk þess að bæta við annarri afþreyingu. Flestir höfðu stundað það að taka ljósmyndir, 75% aðspurðra. Þá kváðust 58% hafa skoðað kirkjur, 57% heimsótt sögustaði og jafn margir í Bláa Lónið. Þá höfðu 47% skoðað söfn/sýningar og 46% nýtt sér þjónustu upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn. Um 36% höfðu farið í sund, 29% komið í gallerí/handverksmiðstöð, 25% farið í hvalaskoðun og jafn margir eitthvað stundað fuglaskoðun, 22% stundað einhvers konar jöklagöngu og 21% farið í langa gönguferð. Þá höfðu 14% skoðað seli, 12% farið í hestaferð, 5% í skipulagða jeppaferð og 2% farið í lax-/silungsveiði í Íslandsferðinni.

Mynd 4.32

Afþreying á Íslandi í ferðinni



Tafla 4.5 sýnir oft verulegan mun á afþreyingu fólks á Íslandi eftir búsetu, aldurshópum, ferðamáta og tímabilum árs. Sem dæmi má taka heimsótti fólk yfir 55 ára frekar sögustaði og kirkjur

en þeir yngri en fóru hins vegar síður í sund, jöklagöngu eða lengri gönguferðir. Fólk í skipulagðri hópferð fór frekar í Bláa lónið, í hvalaskoðun og jöklagöngu en þeir sem voru á eigin vegum eða í *self drive* ferð. Það fólk stundaði hins vegar meira að taka ljósmyndir og að fara í sund.

Tafla 4.5 Afþreying á Íslandi árið 2016 (maí-des)

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki, eftir farartæki og tímabilum


%	Ljósmyndun	Skoða kirkjur	Skoða sögustaði	Bláa lónið	Söfn/sýningar	Upplýsingamiðstöð	Sundlaug	Galleri/handv.míðst.	Hvalaskoðun	Fuglaskoðun	Jöklaganga	Löng ganga	Selaskoðun	Hestaferð	Jeppiferð	Lax-/silungsveiði
Karl	75	57	55	58	45	42	37	24	24	24	22	21	14	9	6	2
Kona	75	59	58	56	49	46	35	34	26	26	21	21	14	15	4	2
16-35	78	59	58	58	43	45	37	24	21	19	24	27	14	11	3	1
36-55	73	53	53	54	53	42	37	33	30	29	21	17	15	13	7	2
> 55 ára	70	62	61	58	47	45	28	36	28	34	15	12	11	11	7	3
Norðurlönd	58	64	48	61	45	43	36	36	22	17	4	12	4	44	5	1
Mið-Evrópa	77	49	59	35	41	47	41	19	46	31	16	14	18	14	1	4
Benelux	75	52	47	40	49	48	34	28	62	40	23	6	20	3	6	6
Bretland	61	62	52	65	41	43	25	28	14	12	17	9	7	7	7	0
S-Evrópa	89	43	51	42	33	44	40	25	42	39	27	43	36	7	6	1
N-Ameríka	75	59	65	63	50	48	35	34	12	21	23	28	8	9	5	2
Asía	87	67	60	67	60	27	40	33	33	60	46	0	33	13	7	0
Aðrir	84	66	54	65	57	41	39	27	21	20	29	18	16	5	0	0
Eigin vegum	76	56	56	57	46	46	37	29	22	23	20	23	14	11	4	1
"Self drive"	79	66	60	51	52	49	36	34	30	30	22	15	12	13	3	3
Hópferð	65	57	57	65	48	29	27	24	38	29	32	19	17	16	10	2
Fyrsta skipti	75	59	59	59	48	46	35	29	25	24	23	21	14	11	5	1
Komið áður	76	54	45	47	42	36	43	31	26	31	16	18	14	17	4	3
Bílaleigubíll	84	56	58	53	47	45	40	30	27	30	20	23	17	11	4	2
Hópferðabíll	62	69	61	68	50	45	26	32	25	17	28	12	11	11	5	1
Áætlunarbíll	62	60	54	61	51	49	33	30	17	16	16	21	7	14	2	0
Maí-ágúst	77	60	59	51	48	47	39	30	33	36	20	25	19	14	4	3
Sept.-des.	72	56	55	65	45	39	32	28	13	8	23	15	7	9	6	0
Meðaltal	75	58	57	57	47	44	36	29	25	25	22	21	14	12	5	2

4.21 Álit á vegakerfinu og umferðamenningu á Íslandi miðað við væntingar

Í könnuninni 2016 var spurt um 10 þætti varðandi íslenska vegakerfið og umferðarmenningu á Íslandi, hvort þeir væru betri, eins eða verri en fólk hafið vænst. Á bilinu 50-68% töldu ástand þáttanna eins og þeir bjuggust við.¹³ Mun fleiri töldu ástandið betra en þeir bjuggust við (18-41%) heldur en verra (6-16%). Þannig álitu 41% að slitlagðir vegir og umferðarmenning og 34% að öryggi á vegum væri betra en þeir bjuggust við en 6-9% að það væri verra. Þá töldu 2-3 sinnum fleiri að ástand áningarstaða við vegi, vegmerkingar, hálandisvegir, malarvegir, yfirborðsmerkingar og umferðarmerki væru betri en þeir bjuggust við en þeir sem töldu ástand þessara þátta verra en vænst var. Minnstu munaði varðandi vegrið.

¹³ 36% þáttakenda tóku ekki afstöðu til hálandisvega og merktu við „veit ekki“. Þá tóku 8-11% ekki afstöðu til annarra þátta sem spurt var um, fyrir utan 5% sem töldu sig ekki dómbæra á slitlagða vegi.

Mynd 4.33 Ástand vegakerfisins á Íslandi 2016 miðað við væntingar




Tafla 4.6 Ástand vegakerfisins á Íslandi 2016 miðað við væntingar

eftir kyni, aldri, búsetu, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki og eftir farartæki - fyrri tafla

%	Slitlagðir vegir			Umferðarmenning			Öryggi á vegum			Áningarstaðir			Vegmerkingar		
	betri	eins	verri	betri	eins	verri	betri	eins	verri	betri	eins	verri	betri	eins	verri
Karl	38	55	7	37	52	11	30	62	8	26	60	14	26	65	9
Kona	43	51	6	44	48	8	37	58	5	34	52	14	30	58	12
16-35	44	49	7	42	47	11	34	58	8	32	56	12	29	59	12
36-55	35	59	6	38	54	8	32	64	4	26	57	17	25	65	10
> 55 ára	43	53	4	41	52	7	35	59	6	27	58	15	28	63	9
Norðurlönd	41	54	5	38	47	15	28	64	8	28	59	13	18	71	11
Mið-Evrópa	30	61	9	31	57	12	32	62	6	32	57	11	24	68	8
Benelux	41	53	6	44	48	8	33	60	7	30	49	21	26	67	7
Bretland	42	55	3	46	48	6	34	61	5	23	63	14	26	65	9
S-Evrópa	34	53	13	35	53	12	26	65	9	22	57	21	18	66	16
N-Ameríka	51	46	3	43	49	8	34	61	5	33	55	12	32	55	13
Asía	46	47	7	50	50	0	50	43	7	46	39	15	53	47	0
Aðrir	25	68	7	43	44	13	41	53	6	26	56	18	27	65	8
Eigin vegum	40	54	6	39	51	10	32	62	6	29	57	14	27	62	11
"Self drive"	46	50	4	44	49	7	36	55	9	31	51	18	29	60	11
Hópfarð	39	53	8	46	47	7	40	56	4	32	57	11	30	63	7
Fyrsta skipti	42	51	7	42	49	9	34	60	6	31	55	14	29	60	11
Komið áður	35	62	3	35	55	10	34	59	7	24	61	15	21	71	8
Bílalaleigubíll	42	51	7	42	49	9	35	58	7	31	52	17	27	59	14
Hópfarðabíll	39	56	5	40	51	9	33	62	5	27	64	9	27	68	5
Áætlunarbíll	38	57	5	36	52	12	30	65	5	26	61	13	17	74	9
Meðaltal	41	53	6	41	50	9	34	60	6	30	56	14	28	62	10

Slitlagðir vegir fengu sömu umsögn árið 2016 og 2015 en áningarstaðir lakari útkomu árið 2016. Kann það að tengjast því að árið 2016 náði könnunin yfir 8 mánuði ársins (maí-desember) en aðeins yfir sumarið árið 2015. Hálendisvegir fengu lítillaga lakari útkomu 2016 en 2015 og malarvegir einnig.

Mynd 4.34 Ástand vegakerfisins á Íslandi 2016 miðað við væntingar og samanburður við fyrri ár ¹⁵



Vegmerkingar á Sprengisandsleið.

¹⁵ Árið 2015 töldu 43% sig ekki dómbæra á hálendisvegina og merktu við „veit ekki“. Þá tóku 15% ekki afstöðu til áningarstaða við vegi, 14% ekki til malarvega og 6% ekki til vega með bundnu slitlagi.

4.22 Notkun og álit á áningarstöðum við vegi


4.22.1 Nýttu áningarstaði 1996-2016

Í könnunum RRF fyrir vegagerðina árin 2016, 2015, 2003 og 1996 voru erlendir ferðamenn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (og einnig oft farþegar með Norrænu á Seyðisfirði) spurðir hvort þeir hefðu nýtt sér áningarstaði Vegagerðarinnar við vegi landsins.

71% erlendra ferðamanna kváðust hafa nýtt sér áningarstaði við þjóðvegina á ferðum um Ísland árið 2016 (maí-desember), 63% sumarið 2016, 61% sumarið 2003 og 66% sumarið 1996. Sem dæmi má nefna þá hefur ferðamönnun til Íslands fjölgað úr því að vera rétt um 100 þúsund sumarið 1996 í um 680 þúsund sumarið 2016. Samkvæmt því má lauslega áætla að um 480 þúsund erlendir ferðamenn hafi nýtt sér áningarstaði við þjóðvegina sumarið 2016 á móti um 66 þúsund gestum sumarið 1996. Þá má auk þess áætla að allt að 1,2 milljónir ferðamanna á Íslandi allt árið 2016 hafi nýtt áningarstaðina eitthvað.

Mynd 4.35

Nýttu áningarstaði við vegi
maí-desember 2016 og sumur 2015, 2003 og 1996




Svo sem sjá má á mynd 4.35 var ómarktækur munur var á kynjum eða aldurshópum erlendra ferðamanna m.t.t. notkunar áningarstaða. Þá var nær enginn munur á meðalaldrí þeirra sem nýttu áningarstaðina og hinna sem létu það vera.

Hins vegar er um vel marktækan mun að ræða þegar málin eru skoðuð eftir því frá hvaða markaðssvæðum ferðamennirnir komu. Þannig voru íbúar frá Benelux löndunum duglegastir við að nýta sér áningarstaðina árið 2016 (89% þeirra) en síðan ferðamenn utan helstu markaðssvæða (79%), frá Suður-Evrópu (75%), Mið-Evrópu (73%) og frá Norður-Ameríku (72%). Ferðamenn frá Norðurlöndunum og Bretlandi nýttu áningarstaðina síst árið 2016 (55% og 58%). Á myndinni 4.36 sést að nýting gesta frá Suður-Evrópu á áningarstöðunum hefur batnað mikið frá árinu 1996 (úr 50%) og eins meðal gesta frá Benelux löndunum, en að sama skapi versnað hjá Bretum (var 78% árið 1996).


Þá má sjá að ferðamenn í svo kölluðum *self drive* ferðum nýta áningarstaðina talsvert meira en þeir sem eru í ferð á eigin vegum eða í skipulagðri hópferð. Sú niðurstaða kemur vel heim og saman við það að þeir sem leigja bílaleigubíla nýta áningarstaðina mun frekar en þeir sem nota

hópfarabíla eða áætlunarbíla í Íslandsferðinni og núorðið svipað og þeir sem eru á ferð á eigin bíl (Norrænuferðar).

Mynd 4.36 Nýttu áningarstaðina 2016, 2015, 2003 og 1996 eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta og farartæki



4.22.2 Tíðni á notkun áningarstaða 2016 og 2015



Áningarstaður við Goðafoss.


Í könnuninni árið 2016 (maí-desember) og einnig í könnun RRF fyrir Vegagerðina sumarið 2015 var spurt hversu oft ferðamenn sem á annað borð stoppuðu þar hefðu nýtt sér áningarstaði Vegagerðarinnar.¹⁶ Þeir sem gáfu það upp árið 2016 höfðu að jafnaði nýtt sér áningarstaði í 9 skipti í Íslandsferðinni en svarendur árið 2015 að jafnaði í 8 skipti.

Þegar tíðni notkunar á áningarstöðum er flokkuð árin 2016 og 2015 kemur í ljós ágætt samræmi á milli ára. Um 30% bæði árin nefndu að þeir hefðu nýtt áningarstaðina í 1-3 skipti, 46-48% í 4-10 skipti, 15-16% í 11-20 skipti og 7-8% í oftar en 20 sinnum.

Mynd 4.37

Hve oft nýtt áningarstaði við vegi í maí-des 2016 og sumarið 2015 - flokkað

þeir sem á nýttu áningarstaðina



4.22.3 Álit á staðsetningu áningarstaða


Í könnuninni árið 2016 og einnig sumarið 2015 var spurt hvar áningarstaðir við vegi ættu að vera staðsettir og gefnir sex möguleikar.¹⁷ Merkja átti við allt sem fólk taldi mikilvægt. Lang-flestir vildu hafa áningarstaðina á útsýnisstað (78%) en síðan alveg við vegina (31-41%) eða á skjólgóðum stað (26-27%). Nokkru færri vildu hafa áningarstaðina allt að 100 m frá vegi (18-24%), nærri annarri þjónustu (21-24%), í villtri náttúru (21%) eða á kyrrlátum stað (19%).

¹⁶ 56% þeirra sem nýttu sér áningarstaðina áætluðu hve oft þeir hefðu gert svo í ferðinni.

¹⁷ Einn svarmöguleikna var annar árið 2016 („Á kyrrlátum stað“) en sumarið 2015 („Í villtri náttúru“).

Mynd 4.38

Álit erlendra ferðamanna 2016 og 2015 á staðsetningu áningarstaða við vegi



Tafla 4.8 sýnir nánari greiningu á afstöðu erlendu gestanna eftir ýmsum grunnbreytum bæði árin. Þar var talsverður munur á, einkum eftir búsetu en einnig eftir ferðamáta.

Tafla 4.8 Álit erlendra ferðamanna 2016 og 2015 á staðsetningu áningarstaða

eftir kyni, aldri, búsetu, ferðamáta, í fyrsta skipti á Íslandi eða ekki og eftir farartæki

%	Á útsýnisstað		Alveg við veginn		Skjólsælum stað		Allt að 100 m frá vegi		Nærri þjónustu		Í villtri náttúru		Kyrrlátum stað	
	2016	2015	2016	2015	2016	2015	2016	2015	2016	2015	2016	2015	2016	2015
Karl	74	77	31	46	27	26	22	17	20	22	/	20	20	/
Kona	77	79	31	36	25	28	26	19	21	26	/	21	19	/
16-35	76	77	34	42	30	28	25	21	23	26	/	21	17	/
36-55	74	81	29	45	22	25	24	15	19	18	/	18	18	/
> 55 ára	75	77	23	32	22	28	20	16	19	28	/	26	26	/
Norðurlönd	77	81	30	43	27	35	20	15	19	26	/	21	21	/
Mið-Evrópa	73	79	28	40	33	30	22	21	16	23	/	25	15	/
Benelux	90	83	26	38	20	25	39	24	13	29	/	23	39	/
Bretland	72	81	31	56	26	27	25	15	18	20	/	9	18	/
S-Evrópa	80	73	22	31	34	24	33	25	24	22	/	23	21	/
N-Ameríka	81	77	34	48	29	17	25	17	20	23	/	19	21	/
Asía	64	/	14	/	7	/	29	/	43	/	/	7	/	/
Aðrir	64	77	50	33	19	36	11	12	25	29	/	23	14	/
Eigin vegum	75	79	32	42	25	28	24	18	20	22	/	21	20	/
"Self drive"	80	87	31	42	27	26	26	23	20	30	/	23	20	/
Hópfæð	66	55	24	34	28	23	24	11	26	26	/	17	11	/
Fyrsta skipti	76	77	32	41	26	27	24	19	21	25	/	21	18	/
Komið áður	72	80	24	42	29	29	23	16	19	20	/	21	26	/
Eigin bíll	/	88	/	33	/	42	/	28	/	23	/	28	/	/
Bílaleigubíll	80	85	33	43	27	28	24	22	21	22	/	25	21	/
Hópfæðabíll	67	65	27	37	26	25	22	12	23	27	/	15	16	/
Áætlunarbíll	62	68	16	34	26	26	23	13	21	30	/	14	18	/
Meðaltal	75	78	31	41	26	27	24	18	21	24	/	21	19	/

Viðauki

Könnunin Dear Visitors; roads and security

- 20 a. Are you aware of the road information tel. (+354) 1777? Yes ₁ No ₂
- b. If yes. Did you phone that number while in Iceland? Yes ₁ No ₂

- 21 a. Did you follow weather forecasts while in Iceland? Yes ₁ No ₂

- b. If yes. Where did you receive weather forecasts? *Check as many as apply.*

At the accommodation At tourist info. centre
 On TV/Radio In newspapers
 On the internet From other tourists

Where on the internet? _____

Other: _____

22. Mark all the aspects / recreation you experienced while in Iceland.

Blue lagoon <input type="checkbox"/>	Photographing <input type="checkbox"/>
Swimming pools <input type="checkbox"/>	Museum/exhibition <input type="checkbox"/>
Horse riding <input type="checkbox"/>	Churches <input type="checkbox"/>
Jeep safari (organised) <input type="checkbox"/>	Tourist information centre <input type="checkbox"/>
Seal watching <input type="checkbox"/>	Gallery/craftshop <input type="checkbox"/>
Whale-watching (org.) <input type="checkbox"/>	Long hikes (> 1 day) <input type="checkbox"/>
Bird-watching <input type="checkbox"/>	Visiting historical sites <input type="checkbox"/>
Salmon/trout fishing <input type="checkbox"/>	Glacier walk (organized) <input type="checkbox"/>

Other recreation : _____

Thank you for the participation!

Dear Visitors 2016; roads and security

The goal of this survey is to gather information about the opinion of foreign visitors in Iceland towards the road system in Iceland, safety on the roads and other related issues.

- Gender:** Male ₁ Female ₂
- Age:** _____ years
- Secondary education (after mandatory level):**
 < 4 years ₁ 4-8 ₂ > 8 years ₃
- Country of residence:** _____ **Postcode:** _____
- How many nights did you stay in Iceland?** _____ nights
- Have you been to Iceland before?** No ₁ Yes ₂
- What is the nature of your visit to Iceland?** *Tick more than one if appropriate.*
 Holiday ₁ Business ₅
 Visiting friends/relatives ₂ Incentive ₆
 Work in Iceland ₃ Festival/event ₇
 Conference/meeting ₄ Other (please specify) _____
- What are your travelling arrangements?**
 Private travel ₁ Partly organized by others (self-drive) ₂ Group tour ₃
- Who are you travelling with?** *Tick more than one answer if appropriate.*
 Travelling alone ₁ Other relatives ₄
 Spouse / partner ₂ Friend(s) ₅
 Family with child(ren) ₃ Work/club colleague(s) ₆
- What airline company did you use in this trip to Iceland?**
 Icelandair ₁ Wow Air ₂ Easy Jet ₃ Other, specify: _____
- Mode of transportation used in Iceland.** *Check as many as apply.*
 Rental car → km in Iceland _____ km
 Own car → km in Iceland _____ km
 Tour bus Bus (scheduled) Friends car Other: _____

12. **What traits, or aspects about Iceland had a major impact on your choice to visit Iceland?** *Check all that had a major impact on your choice.*
- History/heritage Northern lights Pure water/air
 Icelandic nature Reykjavík Culture/art
 The countryside Whale watching Icelandic music
 Wilderness Security Icelandic horses
 Icelandic films Other; what? _____

- 13 a. **Did you obtain information about Iceland before you arrived?** No 1 Yes 2
- b. **If yes. Where did you obtain that information?** *Check as many as apply.*
- From family/friends The Icelandic Sagas
 Google Newspaper/magazine articles
 Trip Advisor TV/Radio programme
 Wikipedia Icelandic films/documentaries
 Travel guide books www.visiticeland.com
 What travel books? _____ Other: _____

14. **Are the following aspects in Iceland better, the same, or worse than you expected?** *Please mark all.*
- | | Better | Same | Worse | Don't know |
|-----------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| Paved roads | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Gravel roads | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Highland roads/tracks | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Road signs | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Road surface markings | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Traffic signs | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Road safety barriers | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Roadside stops | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Driving culture | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |
| Road security | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 |

- 15 a. **If you used a rental car in Iceland. What's the name of the car rental company?**
 AVIS 1 Hertz 2 Europcar 3 Sixt 4 Other: _____
- b. **For how many days did you rent the car?** _____ days

- c. **How do you rate the service of the car rental company on the scale 1-10 (10 being best).**
- | | | |
|----------------------|-----------|--------------------|
| | Rate 1-10 | Rate 1-10 |
| Personal service | _____ | Rent prize _____ |
| Condition of the car | _____ | Overall rate _____ |

- d. **Did you use the seat belts in the car?**
 Always 1 Often 2 Sometimes 3 Never 4
- e. **Did you drive off road in Iceland?** A lot 1 A little 2 Never 3
- f. **Did you drive on gravel roads in Iceland?** A lot 1 A little 2 Never 3
- g. **Were you.. Main driver?** 1 **Front seat passenger?** 2 **Back seat passenger?** 3
- h. **If you were the main driver. Are you an experienced driver?**
 Experienced 1 Rather experienced 2 Rather unexperienced 3 Beginner 4
- h1. **Are you used to drive on gravel roads?** Yes 1 No 2

- 16 a. **Are you aware of the website www.safetravel.is ?** Yes 1 No 2
- b. **If yes. Did you visit that website during this trip?** Yes 1 No 2

17. **What of the following do you think is important to get rid of/decrease on Icelandic roads, on the scale 1-10 (10 being the most important).** *Mark all.*
- | | | | |
|---------------------|-------|--------------------|-------|
| Single lane bridges | _____ | Fast driving | _____ |
| Narrow roads | _____ | Slow driving | _____ |
| Narrow roadsides | _____ | Sheep by the roads | _____ |
| Gravel roads | _____ | Other: _____ | |

- 18 a. **On this trip in Iceland, did you use any of the roadside stops?**
 No 1 Yes 2 → b. **If yes. How often?** _____ times
- c. **Where should the roadside stops be situated?** *Check as many as apply.*
- | | | | |
|---------------------------|--------------------------|-----------------------------|--------------------------|
| Where there's a good view | <input type="checkbox"/> | 20-100 meters from the road | <input type="checkbox"/> |
| In a sheltered place | <input type="checkbox"/> | Near other service | <input type="checkbox"/> |
| Just by the road | <input type="checkbox"/> | At a quiet place | <input type="checkbox"/> |

- 19 a. **Are you aware of the website www.road.is ?** Yes 1 No 2
- b. **If yes. Did you visit that website during this trip?** Yes 1 No 2
- c. **If yes. Did you use the tab "Road conditions and Weather"?** Yes 1 No 2